



VERKLAGSREGLUR UM RAFRÆNA VÖKTUN Á HEIMAVIST FSU

Fjölbrautaskóli Suðurlands, kt. 491181-0289, Tryggvagötu 25, 800 Selfossi, (hér eftir „FSu“ eða „skólinn“), hefur sett sér eftirfarandi reglur um rafræna vöktun með öryggismyndavélum. Verklagsreglurnar byggja á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (90/2018), reglum Persónuverndar um rafræna vöktun (50/2023), lögum um framhaldsskóla (92/2008) og annarri löggjöf.

1. gr.

Ábyrgð rafrænnar vöktunar

Fjölbrautaskóli Suðurlands, er ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við starfsemi heimavistarinnar.

2. gr.

Umfang rafrænnar vöktunar

Á heimavist FSu fer fram rafræn vöktun með eftirlitsmyndavélum í öryggis- og eignavörsluskyni. Myndavélarnar eru staðsettar við inngang að heimavist og í sameiginlegum rýmum, s.s. í anddyri, í eldhúsi og á göngum. Alls eru myndavélarnar á heimavistinni þrjár talsins.

3. gr.

Viðvörðun um rafræna vöktun

Á þeim stöðum sem vöktun fer fram skal hún gefin skýrt til kynna með merkingum. Einnig skulu vera merkingar til staðar við útidyr, sem kunngjöra að húsnæðið sé vaktað með myndavélum og hver sé ábyrgðaraðili hennar. Jafnframt skal á merkingum koma fram hvar megi fá nánari fræðslu um vöktunina, t.d. með rafrænum tengli á slíka fræðslu. Notast skal við fyrirmynd merkinga frá Persónuvernd.

4. gr.

Kynning rafrænnar vöktunar

Vöktunin og verklagsreglur þessar eru kynntar þeim sem rafræn vöktun hefur áhrif á. Á fundi með skólameistara og vaktmanni FSu í upphafi hvorrar skólaannar fá íbúar heimavistar (og forsjáraðilar) fræðslu um þá rafrænu vöktun sem fram fer á heimavistinni. Í fræðslunni er sérstaklega fjallað um eftirfarandi:



- Ábyrgðar- og umsjónaraðila vöktunar og upplýsingar um tengilið vegna rafrænnar vöktunar.
- Tilgang og lagagrundvöll rafrænnar vöktunar.
- Hver hefur eða kann að fá aðgang að upplýsingum sem safnast með rafrænni vöktun.
- Hversu lengi upplýsingar eru varðveittar sem safnast með rafrænni vöktun.
- Hvaða búnaður er notaður (myndupptökur án hljóðs) til rafrænnar vöktunar.
- Rétt íbúa til að andmæla rafrænni vöktun á herbergisgangi sínum og hverjar geti verið afleiðingar þess.
- Rétt þeirra sem sæta rafrænni vöktun til að fá að vita hvaða upplýsingar verða til um hann, til aðgangs að þeim upplýsingum, til takmörkunar vinnslu persónuupplýsinga og til að fá slíkar upplýsingar leiðréttar eða þeim eytt.
- Rétt þeirra sem sæta rafrænni vöktun til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd.

Einnig er vakin sérstök athygli á rafrænu vöktuninni í leigusamningum sem heimavistarbúar (og forráðaaðilar) og skólameistari undirrita við upphaf dvalar á heimavist á önn hverri sem og í upplýsingum um heimavistina á heimasíðu skólans.

5. gr.

Tilgangur og heimild rafrænnar vöktunar

Tilgangur rafrænnar vöktunar er að gæta öryggis íbúa á heimavist sem og að gæta eigna íbúa og skólans, sér í lagi þegar gæslufólk er ekki í húsakynnum. Öryggismyndavélar eru mikilvægur hlekkur í öryggiskerfi heimavistarinnar. Þær eru hluti af þeirri viðleitni að verja eigur heimavistar, íbúa og starfsmanna og stuðla að öryggi á heimavistinni almennt. Er reglunum ætlað að tryggja meðalhóf, virða friðhelgi einkalífs þeirra sem sæta rafrænni vöktun og að ekki sé gengið lengra en nauðsyn ber til.

Samkvæmt 33. gr. laga um framhaldsskóla skal framhaldsskóli í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis. Byggir vinnsla persónuupplýsinganna á eftirfarandi heimildum skv. 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga:

- Að vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr.
- Að vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings, sbr. 4. tl. 1. mgr. 9. gr.
- Að vinnslan sé nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili eða þriðji maður gætir, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr.



6. gr.

Meginreglur sem gilda um rafræna vöktun

Persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun skal fara með í samræmi við 8. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 en þar koma fram eftirfarandi meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga:

- Að þær séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða.
- Að þær séu fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.
- Að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.
- Að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum.
- Að upplýsingarnar séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða einstaklinga lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.
- Að þær séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt.

7. gr.

Skoðun persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun og öryggi þeirra

Persónuupplýsingarnar sem til verða við vöktunina eru aðeins notaðar í þágu áðurgreinds tilgangs með söfnun þeirra og aðeins að því marki sem þess gerist þörf í þágu tilgangsins.

Myndefnið er aðeins skoðað ef upp koma atvik sem varða tilgang vöktunarinnar og kemur það helst til greina vegna eignavörslu og/eða öryggis, s.s. þjófnaðar, skemmdarverka eða slyss og er þess þá gætt að ekki sé gengið lengra en brýna nauðsyn beri til, að friðhelgi einkalífs þeirra sem sæta vöktun sé virt og forðast sé alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra.

Komi upp tilvik þar sem meta þarf hvort tilefni sé til skoðunar myndefnisins tekur skólameistari eða aðstoðarskólameistari ákvörðun um hvort myndefnið verði skoðað. Ákveði skólameistari eða aðstoðarskólameistari að skoða skuli myndefnið beinir skólameistari erindi til umsjónaraðila vöktunarinnar þar sem óskað er aðgangs að myndefninu. Ekki er heimilt að skoða myndefnið án undangenginnar ákvörðunar skólameistara eða aðstoðarskólameistara þar um. Myndefni úr eftirlitsmyndavél er aðgangsstýrt í samvinnu við umsjónaraðila vöktunarinnar og tryggt að myndefnið sé ekki skoðað án tilskilinnar heimildar.

Ef upp kemur öryggisbrestur sem hefur áhrif á öryggi persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun mun skólinn tilkynna slíkt til Persónuverndar og eftir atvikum til þeirra aðila sem upplýsingarnar varða eftir því sem lög mæla fyrir um.



8. gr.

Varðveisla persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

Persónuupplýsingar eru aðeins geymdar svo lengi sem nauðsyn ber til í þeim tilgangi sem þeirra var aflað. Myndefni sem safnast við rafræna vöktun heimavistar er eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það. Myndefnið er geymt að hámarki í 30 daga og er síðan eytt. Upplýsingarnar sem verða til við vöktunina eru ekki varðveittar lengur en í 30 daga nema lög heimili, t.d. ef það er nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna lögreglumáls eða dómsmáls. Ef myndefni er afhent lögreglu er öðrum eintökum af efninu eytt.

9. gr.

Afhending persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

Í því skyni að uppfylla tilgang rafrænu vöktunarinnar kann að vera nauðsynlegt að miðla persónugreinanlegum upplýsingum um einstaklinga til þriðju aðila. Slíkir aðilar geta verið ábyrgðaraðilar eða vinnsluaðilar eftir atvikum. Upplýsingum er einungs miðlað að því marki sem nauðsynlegt er og er þriðju aðilum ekki heimiluð önnur not þeirra.

Myndefnið sem verður til við rafræna vöktun á heimavist FSu er vistað á sérstökum netþjóni og er aðgengilegt vinnsluaðilanum, Samsteypunni ehf., Sigrúni 2, 800 Selfossi, sem er eigandi húsnæðis heimavistarinnar og hefur umsjón með framkvæmd vöktunarinnar.

Persónuupplýsingum sem verða til við rafræna vöktun á heimavist er einungis miðlað í eftirfarandi tilvikum:

- Hinn skráði samþykkir það og samþykkið uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 eða ákvörðun Persónuverndar um að heimila miðlun upplýsinganna liggur fyrir.
- Upplýsingarnar verða slys eða meintan refsiverðan verknað og eru afhentar lögreglu.
- Upplýsingarnar eru nauðsynlegar einum eða fleiri hinna skráðu til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, t.d. þegar tryggingafélag tekur afstöðu til bótaskyldu.

Sjá að öðru leyti 5. og 10. gr. reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun.

10. gr.

Beiðni um leit og/eða skoðun í upptökum eftirlitsmyndavélakerfis

Beiðni um leit og/eða skoðun í upptökum eftirlitsmyndavéla skal komið á framfæri við skólameistara, sem eftir tilvikum skráir hana í málaskrá skólans. Eyðublað til útfyllingar vegna slíkrar beiðni er unnt að nálgast á skrifstofu FSu eða með því að senda tölvupóst á personuvernd@fsu.is.

Almennt eiga skráðir einstaklingar rétt á að skoða myndefni þar sem þeir sjást. Einnig eiga þeir rétt á að fá afrit af slíku myndefni að því gefnu að það skerði ekki réttindi og frelsi annarra.

Skólameistari skal taka ákvörðun um hvort leit og/eða skoðun verði heimiluð jafn fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku slíkrar beiðni. Við mat á því hvort orðið verði við



beiðni ber að taka sérstaklega mið af því hvort réttur viðkomandi aðila til leitar og/eða skoðunar þurfi að víkja að nokkru eða öllu leyti fyrir hagsmunum annarra en hans eigin.

Ef óljóst er hvort verða á við beiðni um leit og/eða skoðun er efni sent til lögreglu eða Persónuverndar til skoðunar.

11. gr.

Beiðni um eyðingu á upptökum eftirlitsmyndavélakerfis

Beiðni um eyðingu eða takmörkunar á vinnslu á upptökum eftirlitsmyndavéla skal komið á framfæri við skólameistara, sem eftir tilvikum skráir hana í málaskrá skólans. Eyðublað til útfyllingar vegna slíkrar beiðni er unnt að nálgast á skrifstofu FSu eða með því að senda tölvupóst á personuvernd@fsu.is.

Í vissum tilvikum getur einstaklingur átt rétt á að skólinn eyði persónuupplýsingum sem geymdar eru um hann. Þetta á einkum við í þeim tilvikum þar sem:

- Upplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar.
- Skráður aðili hefur andmælt vinnslu upplýsinganna.
- Ef vinnslan reynist ólögmæt.
- Ef vinnslan byggði á samþykki sem viðkomandi aðili hefur síðar afturkallað.

FSu áskilur sér þó rétt til að meta í hvert eitt sinn hvort skylt sé að eyða gögnum. Skólameistari skal taka ákvörðun um hvort orðið verði við beiðni um eyðingu upptöku jafn fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku hennar. Við mat á því hvort orðið verði við slíkri beiðni ber að taka sérstaklega mið af því hvort réttur viðkomandi aðila til eyðingar þurfi að víkja að nokkru eða öllu leyti fyrir hagsmunum annarra en hans eigin.

Ef óljóst er hvort verða á við beiðni um eyðingu á upptökum er efni sent til lögreglu eða Persónuverndar til skoðunar.

12. gr.

Beiðni um stöðvun eða takmörkun á vinnslu

Í eftirtöldum tilvikum átt getur skráður aðili átt rétt á að skólinn stöðvi eða takmarki vinnslu persónuupplýsinga:

- Ef hann véfengir að persónuupplýsingarnar séu réttar (þangað til skólinn getur staðfest að þær séu réttar).
- Vinnslan er ólögmæt, en aðilinn vill ekki að persónuupplýsingunum sé eytt.
- Skólinn þarf ekki lengur á persónuupplýsingunum að halda fyrir vinnsluna en aðilinn þarfnast þeirra til þess að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.
- Ef hann hefur andmælt vinnslunni. Í því tilviki skal stöðva vinnsluna nema áframhaldandi vinnsla verði byggð t.d. á ríkari lögmætum hagsmunum eða lagaskyldu.
- Ef hann hefur afturkallað samþykki sitt. Í því tilviki stöðvar skólinn vinnslu þar til ákvörðun er tekin um áframhaldandi vinnslu á öðrum grundvelli, t.d. með vísan til ríkari lögmættra hagsmuna eða lagaskyldu.



Skólameistari skal taka ákvörðun um hvort orðið verði við beiðni um stöðvun eða takmörkun á vinnslu upptöku jafn fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku hennar. Við mat á því hvort orðið verði við slíkri beiðni ber að taka sérstaklega mið af því hvort réttur viðkomandi aðila til stöðvunar eða takmörkunar á vinnslu þurfi að víkja að nokkru eða öllu leyti fyrir hagsmunum annarra en hans eigin.

Ef óljóst er hvort verða á við beiðni um stöðvun eða takmörkun á vinnslu er efni sent til lögreglu eða Persónuverndar til skoðunar.

13. gr.

Afturköllun samþykkis fyrir vinnslu

Í þeim tilvikum þar sem vinnsla byggir á samþykki hins skráða er viðkomandi aðila ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki. Afturköllun þýðir þó ekki að vinnsla sem fór fram áður en samþykki var afturkallað sé ólögmæt.

Komi fram afturköllun samþykkis við vinnslu frá aðila sem upplýsingarnar varðar skal stöðva vinnsluna þá þegar, nema áframhaldandi vinnsla verði byggð á ríkari lögmætum hagsmunum. Skólameistari skal taka ákvörðun um hvort vinnslu verði fram haldið þrátt fyrir afturköllun samþykkis jafn fljótt og auðið er.

14. gr.

Andmæli eða athugasemdir við framkvæmd vöktunar

Komi fram athugasemdir eða andmæli við framkvæmd vöktunar og/eða ábendingar um að hún uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru í reglum þessum eða lögum skal hafa samband við persónuverndarfulltrúa FSu með því að senda tölvupóst á netfangið personuvernd@fsu.is eða hringja í síma 6160824.

Ef skráður einstaklingur telur að vinnslan brjóti gegn grundvallarréttindum hans, getur hann andmælt vinnslunni.

Komi fram slík andmæli við vinnslu frá aðila sem upplýsingarnar varðar skal stöðva vinnsluna nema áframhaldandi vinnsla verði byggð á ríkari lögmætum hagsmunum eða lagaskyldu. Skólameistari skal taka ákvörðun um að vinnslan verði stöðvuð eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku andmæla. Skólameistari skal með sama hætti, innan sama tímaramma, taka til skoðunar athugasemdir eða ábendingar um framkvæmd vöktunar og hvort tilefni sé til aðgerða á grundvelli þeirra.